



HEIMIR



ÚTGEFENDUR

Nokkrir Íslendingar i Vesturheimi



II. ár., 1.-6. blað.



WINNIPEG, MAN.

PRENTSMÍÐJA G. JÓNSSONAR, 656 YOUNG ST.

MCMV

HEIMIR



ÚTGEFENDUR

Nokkrir Íslendingar i Vesturheimi




II. árgangur.



WINNIPEG, MAN.

PRENTSMÍÐJA G. JÓNSSONAR, 661 TORONTO ST.

MCMV



EFNISYFIRLIT.

	Bl.
Að vera maður (Ræða flutt í Unit. kyrkjuni í Wpg.)	153—62
Albumsblað (kvæði) eftir Viðar	7
Arnarhreiðrið (þýdd smásaga) e. Björnstjerne Björnson	260—63
Áhrif engilsaxnesku kyrkjunnar á hina norrænu (úr tímariti Bókun.fél.) eftir Þorst. Erlingsson	74—87
Áhrif Vesturheims á páfaveldið, sjá Gamlir molar	
Áramót (nýjárskveðja)	11—12
Bréf frá Ibsen til Brandesar (þýtt eftir Kr. Stefánsson)	35—36
Bréf frá Stephani G. Stephanssyni	177
Daggardropinn (þýdd smásaga) eftir Guðm. Árnason	48
Efamál (kvæði) eftir Kristinn Stefánsson	97
Efnisyfirlit Heimis, II. ár, 1905	III—IV
Eftirþankar um trúmálafundina	65—71
Er materialism að útbreiðast? þýtt e. Fred Swanson	143—45
Fermingaróður (kvæði) eftir Viðar	1—3
Framþróun (kvæði) eftir Þ. Kr. Kristjánsson	32—35
Gamlir molar (þýtt) eftir Jón Jónsson frá Sleðbrjót	263—73
Hamingja (saga, Mrs. G. J. þýddi) e. Guy de Maupassant	217—24
Haustið (kvæði) eftir Mána	23—24
Heimatrúboðsfarganið (úr Fjallk.) e. E. Hjörl.	190—92
Hjátrú og fjölkyngi, (ritgjörð) eftir Stefán Sigfússon. 13-22. 26-32. 54-64. 87 93. 98-104	
Hvar ströndum vér? (fyrirl.) e. sr. M. J. Skaptason	122—42
Hví dylur þú þinn vorsöng? (kvæði) eftir Viðar	121
Indversk saga (þýdd) eftir Henryk Sienkiewicz	50—54
Í Hróarskeldu dómkyrkju (kvæði) e. Matth. Joch.	274—76
Jerúsalem (þýtt) eftir Hannes Pétursson	199—205
„Kristin að hálfu leyti“ (um Áramót lút. kyrkjufél.)	178—90
Kristsmyndir (þýtt) eftir Viðar	6—7
Leo páfi XIII. , sjá Gamlir molar	

Mikli maðurinn undirstaða menningarinnar,	Bls.
eftir Sigtr. Ágústsson 148-52.	170-72
Milli lesmáls og ljóða (kvæðafll.) e. St. G. Steph.	49. 249-52
Mús í gildru (kvæði) eftir Sig. Júl. Jóhannesson.....	8
Nokkur orð um spádóma, eftir Fred. Swanson	212-17
Nýfundin fornrit (þýtt)	69-71
Nýjar bækur (ritdómar)	243-48
Ófeigur í Skörðum (ræða), eftir Bjarna Lyngholt....	3-6
Ritdómar (eftir Reykjavík og Fjallkonunni)	295-99
Sálmar	71-72
Sauðamaður og sauðirnir (þýtt) ..	64-65
Savage, Dr. Minot J. (æfngrip með mynd)	9-11
Smápistlar frá drottningardegnum, eftir Viðar	105-08
Smávegis (fréttir úr Sam. o. s. frv.)	169. 224
Sómi meðal presta (þýtt).....	172-75
Staka, eftir Mána	109
Til kaupenda	46-47
Til Unitaraþingsins í Boston (ferðalýsing)	115-20
Trúmálafundir lútherskra manna	37-44
Trúmálafundir í Winnipeg ..	162-63
„Undir beru lofti“ (ritdómur)	175-76
Unitarkyrkjan í Winnipeg (með myndum)	226-31
Uppruni Gamla Testamentisins (þýtt)	231-35
Úr Dísarmálum (kvæði) eftir Styrkarr Véstein	25
Út! (kvæði) eftir Kristinn Stefánsson	225
Vegna hvers erum vér Unitarar? I.	252-60
Vor (kvæði) eftir Viðar	73
Vorkveðja (kvæði) eftir Mána	109
Ýmislegt (fréttir að heiman o. s. frv.)	45-46
Þjóðhöfðingjar að álitu Tolstoys (þýtt)	193-94
Þrándur (þýdd saga) eftir Björnstjerne Björnson.....	235-43
Þriðja þing Unitara	93-66
Þrjú kvöld í Winnipeg (saga) eftir Snæ Snæland	
	110-15. 145-48. 164-69. 205-11

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, JANÚAR 1905.

NR. 1.

❧ FERMINGARÓÐUR ❧



Ferming!

Fátt er í síðum og trú vorri tyrfnari gáta. —

Tjóður það kannske er að eins við fornhelga síði. —

Þú ef til vill kallar mig heimskan — og frábæra herming,
að hafna þeim síðum, er eitt sinn eg fékkst til að játa.

En þessháttar getum við látið allt liggja í friði.

En rétt er þó ekki, að láta það liggja í friði,
sem löngu er úrelt og fúíð og banvænt og rotið,
þótt eitt sinn því væri sem afguðum lotið,
og oft hafi tignarsess hlotið,
en er ekki lengur að liði.

Og allt, sem er tjóður á atgjörvi' og skynjun hvers einasta manns,
það ætti' ekki' að líðast, þótt yrði þess frákall
sá eyðandi, gínandi hákall,
er glepti upp aðfengna guðsríkið hans.

Eg sé að þú roðnar, þótt segirðu fátt;

eg sé að þér kemur í huga:

„Já, það er það gamla úr þessari átt,
en það skal ei trú mína buga.“

En vittu það, barn mitt: eg á ei við innfæddu trúna;
eg á við þær kreddur og síði', að hið slitna og lúna

ÞJÓÐERNIL

sé kjörið af drottni í kennarans sæti,
 en kippt sé því unga og starfandi hugsýni' af fæti.
 Eg á við það banvæni', að til sé sú trú,
 er takmörk því sett geti', að eg eða þú
 hreyfum oss af þessum andlega bletti,
 er arfgengi' og þröngsýni markaðan setti
 á fermingaraldrinum undir vorn fót.
 Eg á við það fóllega ofbeldisverk,
 sem af oss er heimtað, að grípa um kverk
 alls þess, er vekur, — já, að eins það veiti
 aðför því heiti,
 er þvingað var af oss á lífsdegi árla við langvegamót. —

Ferming!

Já, hvort mun hún auðga og göfga og glæða,
 eða grýta til dauðs eða' í ógöngur hræða.
 allt það, er nefnst getur andleg verming?
 Og hvort mun sá lestur um helvíti' og kvalir og hundraðmargt
 um æfilangt loforð — í andleysi' og heimsku — [fleira,
 og á byrgð, ef fer það í gleymsku,
 hljóta í sál þinni hlýðið og náðarríkt bænheyrslu eyra? —

Ja, það er víst efamál. — — — Eitt er þó víst,
 að á byrgð þér liggur á herðum,
 því göngunni' ef breytirðu, gæfan þér snýst,
 og grimmdþrungið, hegndandi réttlætið brýtst
 að þér með ógnandi sverðum.

Og þó: — þessi kenning ei kemur við þig, —
 sú kenning, sú á byrgð — hún snert gæti mig,
 en ekki þig, saklausa systur. —
 En það væri einmitt sú á byrgð, að lifa
 öðrum til heilla og sjálfum til þrifa,
 er feginn þér kynnt hefði' eg fyrstur.

En þó var það ekkert af þessu, er segja eg vildi,

Því það er ei lagt mér í hendur, að breyta sem skyldi,
og eg er ei sá, er skal koma sem kennari þinn
með knefana steytta og þrútinn af vandlæti' á kinn.

Nei, eg vildi koma sem kærleikans óþekktur boði,
koma sem hressandi blær og sem vormorgunnroði,
anda í sál þína allri, sem nýtt gerði heit,
að láta' allar ræður um trúskýldu hvíla sig heima
í rúlfinu þar, sem að prestarnir blöðin sín geyma;
en hjónna sem hezt að þeim blómum, og hafa' á þeim gætur,
er blöð hafa fegurst og rætur
í hjarta þíns hálfgrónum reit. —

VIDAR.



Ófeigur í Skörðum.

KAFLI ÚR SAMKOMURÆÐU, FLUTT Í WINNIPEG Í NÓVEMBER 1904.

Eftir BJARNA LYNGHOLT.

..... Við þekkjum líklega öll hann „Ófeig í Skörðum“.—
Hann var einn af þeim fáu, sem eg hlakkaði til að sjá, þegar eg
kæmi hingað til Canada.

Það eru nú lítið innan við 20 ár síðan mánudagskvöldið í
tíundu viku sumars, að hann réri út fjörðinn — sömu leið og
sama bátnum, sem hann var vanur að róa. Sólin var alveg í
sama stað og hún var vön um þetta leyti dags, póstskipið lág á
sama stað á höfninni og það var vant, og báturinn og allt, sem
augað eygði, gekk sinn vanalega gang; og þó hafði Ófeigi og
bátnum hans aldrei verið veitt eins mikil eftirtekt og nú. — Nú
var hann að flytja út í vesturfara skjólið alla búslóðina og alla

fjölskylduna, með öðrum orðum, fara alfarinn til Ameríku — hann „Ófeigur í Skörðum.“

Honum hafði ekki lánast búskapurinn sérstaklega vel, enda hafði hann fyrir stórrí fjölskyldu að sjá. Hann var óánægður með stjórnarskrána frá 1874, — þótti hún vera allt annað en „frelsissskrá í föðurhendi“. Hann vildi sjálfstjórn. Honum líkaði ekki sveitarstjórnarlögin, og tilskipun um vinnuhjú. Hann vildi láta fullvita og fullveðja menn ráða sér sjálfa, hvort heldur þeir væru giftir eða ógiftir, ríkir eða fátækir. Hann var sárá-nægður með kyrkju- og kennslumála fyrirkomulagið; hann vildi láta kenna börnum og unglingum fyrst af öllu það, sem þeim mætti að gagni verða í lífsbaráttunni, og honum þótti það hart að vera þvingaður til þess með lögum, að gjalda full gjöld til prests og kyrkju, hvort sem hann væri kaþólskur, lútherskur, Mormóni eða Múhamedíti, og hvort sem hann notaði prestinn og kyrkjuna eða ekki. Enda fór svo, þegar prestaskiftin urðu, og nýi presturinn fór að grennslast eftir trúarlífinu í söfnuðinum, að Ófeigur neitaði að viðurkenna hann sem sinn prest, — neitaði að ganga til altaris og afsagði að láta ferna þau af börnum sínum, sem til þess höfðu aldur. Af þessum ástæðum komst Ófeigur í Skörðum í ónád hjá prestinum, sóknarbændunum, sveitarstjórninni, hreppstjóranum og heldra fólkinu — jafnvel sjálfum sýslumanninum, svo hann kaus það ráðið, að flytja af landi burt og verða frjáls; og nú stórðu allir á Ófeig, þar sem hann réri út á skipalægið, alveg steinhissa á því, að hann skyldi vera að flytja til Ameríku — fyrir svona sínámunni! . . .

Eins og flestir aðrir kom Ófeigur í Skörðum hingað með hjartað fullt af framtíðar vonum og fögnuði yfir því, að vera nú kominn inn á fyrirheitna landið — frelsislandið, sem hann hafði svo lengi þráð — því Ófeigur elskaði frelsið.

Undir eins og Ófeigur var kominn þangað, er hann ætlaði að setjast að, fór hann að vinna; og þó launin hans væri ekki há, þá voru þau samt nægileg til að veita honum allt það, sem almennt er kallað daglegt brauð. Að vísu græddist honum ekki fé, en hann var ánægður, sjálfstæður og frjáls. Nú var hann laus við vinnuhjúalög og hreppapólitík, þjóðkyrkjusambandið og allt það, sem honum hafði geðjast verst að í lífinu. Allir, sem

hann kynntist, voru honum sérlega góðir og vinveittir, og enginn gjörði neitt á hluta hans.

En hamingjuhjólíð er valt — hérna megin hafsins sem austan; Ófeigur veiktist af liðagigt, sem lagði hann í rúmið. Þegar Ófeigur var búinn að liggja rúmfastur í viku, fékk hann þá orðsendingu frá kaupmanninum, sem hann verslaði við, að hann gæti ekki framvegis selt honum vörur sínar öðruvísi en fyrir borgun út í hönd, nema því að eins, að hann fengi meðmæli frá safnaðarnefndinni — því sveitarstjórn var ekki til — en það gat Ófeigur auðvitað ekki, því hann var ekki í söfnuðinum.

Þannig leið langur tími. Allt af var Ófeigur veikur, og allt af harðnaði í búi hjá honum. Þessu veittu menn líka undir eins eftirtekt, og fóru strax að tala um það, hvað hann Ófeigur ætti bágt. Loksins hafði Kvenfélagið „komist við“ af þessu umtali og kallað saman fund til þess, að ákveða eitthvað Ófeigi til hjálpar. En við umræðurnar upplýstist það, að Ófeigur væri ekki „rétttrúaður“ maður — hann væri jafnvel hreint ekki kristinn — og það væri því alls ekki rétt, að taka fram fyrir hendurnar á drottni, sem auðvitað hefði sent Ófeigi þetta mótlæti í vísdómsfullum og gæzkurikum tilgangi, til að mýkja hjartalag hans og snúa honum á rétta braut. Það væri allt annað mál, ef Ófeigur félli frá, þá væri svo sem sjálfsagt að rétta ekkjunni hjálparhönd, það væri ekki nema kærleiks verk og kristileg skylda, — hún gengi þá líka sjálfsagt í söfnuðinn með börnin.

Enn þá leið langur tími — margar langar vikur — loks fór Ófeigi að batna. Eftir því sem hann hresstist meir og meir, eftir því fann hann það betur og betur, hve gott það er, að eiga mennina að, og hve afar áriðandi það er, að hjálpa sér sjálfur í lifanda lífi, og eiga svo kærleik þeirra óeyddan að sér látnum. Loks gat hann farið að vinna - vinna fyrir daglegu brauði, vinna fyrir frelsið, sem hann hafði þráð, vinna fyrir réttlætið, hrein-skilnina og sannleikann, og þjóna sínum guði upp á sína vísu, eins og hann hafði hugsað sér hann.

*

*

*

Ófeigur í Skörðum lifir enn, og enn þá er hann að vinna. —

Enn þá er hann að leita að frelsinu og finna það. Enn þá er hann að leita sannleikans og finna hann— enn þá að leita síns guðs, og finna hann.

Lengi lifi Ófeigur í Skörðum! —



Kristsmyndir.

Hver málaði fyrstu myndina af Jesú Kristi? Voru málarar til á hans tímum í Gyðingalandi, og —ef svo var ekki— hvernig eru þá Kristsmyndirnar til orðnar?

Professor Van Dyke, höfundur bókar þeirrar, er „Art for Arts Sake“ nefnist, hefir svarað þessum þýðingarmiklu spurningum Kristsmyndirnar.

Vér eigum enga rétta mynd af Jesú, segir hann. Móses bannaði allar þvílíkar myndir, og þessvegna voru engir málarar til í Gyðingalandi. Eftir því sem sagnirnar segja, á þó Lúkas að hafa verið málari, og kvað hann hafa málað mynd af Maríu mey. Enn fremur er sagt, að St. Veronica, er fylgdi Jesú til Golgata, hafi þurkað svitann af andliti frelsarans með vasaklútnum sínum, og kom þá Jesú-mynd á vasaklútinn. En enginn veit nú frammar um vasaklútinn hennar Veronicu eða mynd Lúkasar. Þær vasaklútsmyndir, og Lúkasar-málverk, sem eru til sýnis í kyrkjum og myndasöfnum nú á dögum, voru fyrst búnar til á áttundu öld. Það Jesúsar-andlit, er vorra tíma fólk kannast við, varð til nokkurn veginn á þann hátt, er nú skal greina:

Á fyrstu tímum kristinnar samþykkti rómverska kyrkjan mynd hins unga Orpheusar sem frummynd allra Krists-mynda. Menn fundu í grathvelfingunum mynd af Orpheus, þar sem hann er að töfra dýr skógarins með hljóðfærslætti sínum. Hann er ungur, atkvæðamikill og fagur, og búinn sem Rómverji. Byzantíska frummyndin, er til varð í aust-rómversku kyrkjuni eða með öðrum orðum í Konstantinopel, sýnir Krist með angurvært andlit, stór, kringlótt augu og langt skegg. Hann er aldraður,

sorgbeygður og lotinn í herðum. Myndin svarar til lýsingarinnar hjá Esajasi spámanni í 53. kaþítula:—„...Á honum var engi fegurð, ekkert glæsilegt, að oss gæfi á að líta, ekkert álitlegt, er oss finndist til. Hann var fyrirlitinn og af mönnum yfirgefinn, undirorpinn harnukvælum, auðkenndur af sárum, líkur manni þeim, er menn byrgja fyrir ardlit sín, svo fyrirlitinn, að vér möttum hann einskis.“

Þessi byzantíska frummynd var flutt frá Konstantinopel yfir til Ítalíu á fimmtu öld, og Orpheus-myndin varð ótíðari. Á 14. öld vann Giotto og fleiri listamenn að því, að sníða byzantísku myndina eftir ítalskri gerð, og færðu þannig nýtt líf í hana.

Í málverki því, er nefnist „Síðasta kvöldmáltíðin“, málaði Leonardo de Vinci svo að lokum Krists-mynd, er síðan hefir svo að segja eingöngu verið skoðuð sem fyrirmynd allra Krists-mynda.

Þýðing eftir Viðar.

Albumsblað.

Ef þú ert, vinur, vini þínum fjær
og veizt hann ber þig innst í huga sínum,
þá er hann þér í andans heimi nær,
ef andlitsmynd hans berðu' í sjóði þínum.

Því sérhver líking, litur, skuggamynd
oft lér oss meiri gleði' en allt hið sanna.—
Og draumar veita dögg úr himins lind,
þótt drjúpi' í vöku eitur höggormstanna.

Viðar.



Mús í gildru.



Innilukt og lamað,
litla dýrið mitt,
berðu harm í hjarta
hrætt um lífið þitt.

Milli fjörs og feigðar
flestum ógnar brú. —
Eg er „lítill“ líka —
litlu stærri' en þú.

Er ei sorg og sæla
sama þér og mér?
Sömu lög sem leyfðu
lífið mér og þér?

Er ei sálin sama, —
sama þín og mín?
Sami guð sem gægist
gegn um augun þín?

Hugsun minni h e i m a
heldur ástin mín;
þér er ljúfust líka
litla holan þín.


Þótt þér minni máttur
marki lægri sess,
engin svör þótt eigir,
áttu' að gjalda þess?

Huga minn og hjarta
hitar sorgin þín. —
Þér eg hlýt að þyrma,
þú ert systir mín.

Sig. Júl. Jóhannesson.

Dr. Minot Judson Savage.

Minot Judson Savage, einn aðal leiðtogi Unitarakerkjunnar í Bandaríkjunum, er fæddur 10. júní 1841 í Norridgewock Maine. Þar í grennd höfðu ættfeður hans búið um langan aldur. Hann ólst upp í fæðingarbæ sínum, þar til hann var rúmra 17 vetra, að hann fór að heiman til Bangor, hafnarbæjar í Maine ríkinu, og byrjaði þar háskólanám. Vorið 1864 um það leyti, er þrælastríðið var á enda, útskrifaðist hann frá Bangor guðfræðis-skólanum, og gekk þá strax í prestsþjónustu Congregazíonal-kerkjunnar, því í þeirri kerkjudeild var hann fæddur og uppalinn, og þeir Savagearnir hver fram af öðrum. Hann var heima-



DR. MINOT JUDSON SAVAGE.

trúboði þeirrar kerkju vestur í California ríkinu árin 1864—67. Þá tók hann köllun frá söfnuði í Framingham í Massachusetts og þjónaði þar til 1870. Þá hófst útflutningur mikill frá Ný-Englands ríkjunum vestur á bóginn—vestur í miðríkin, er þá voru að mestu óbyggð. Með einum þessum hóp fór Savage, og hugði að setjast að sem landnemi í óbyggðum Minnesota, en komst aldrei alla leið. Hann tepptist á leiðinni og það varð úr, að hann tók köllun frá söfnuði einum

í Hannibal í Missouri. Þar bjuggu þau hjón í þrjú ár. En um vorið 1873 sagði Savage sig úr Congregazíonal kerkjunni, og gekk það sama ár inn í kerkjufélag Unitara, og tók við þriðju Unitarakerkjunni í Chicago. Savage segir svo sjálfur frá, að um langan undanfarandi tíma hafi sú skoðun og meðvitund allt af verið meir og meir að vakna hjá sér, að trú sú, er hann prédikaði, væri bæði ósönn og óvirkileg. Hann sagðist hafa kraf-

ist fyrir sjálfan sig einhvers betra, enda hefði samvizka sín jafnan áklagað sig fyrir það, að hann gæfi fólki sínu steina fyrir brauð. Umskiptin voru því óhjákvæmileg. Og þótt þau kostuðu þau hjón bæði vina og eigna missi, breyttu þau til, og hefi Dr. Savage verið jafnan síðan öruggur talsmaður hinna unitarisku skoðana í öllum myndum.

Haustið 1874 fluttist hann austur aftur, og settist að í Boston. Þar dvaldi hann sem prestur Unity kyrkjunnar, unz hann fluttist til New York borgar 1896 og tók við Messiah kyrkjunni ásamt Dr. Robert Collyer. Þar hefir Dr. Savage búið síðan.

Dr. Savage hefir gefið út margar bækur og ritlinga, er jafnan hafa átt góðum viðtökum að mæta hjá enskri alþýðu. Hann ritar eins og hann talar mjög alþýðlegt mál, enda er hann í alla staði mjög alþýðlegur maður. Bækur hans og ritgjörðir hafa verið þýddar á fleiri útlend tungumál, en nokkurs annars núlifandi Unitara. Á Íslenzku hafa komið út nokkrar ritgjörðir eftir hann í „Dagsbrún“, þýddar af síra Magn. J. Skaftasyni; einnig þýddi síra Björn heitinn Pétursson spurningakver hans („Katekismus Unitara“), en ekki hefir það þótt jafngildi annara ritverka hans, enda var það samið skömmu eftir að hann gekk úr orpodoxu kyrkjunni, og ber þess merki á margan hátt.

Dr. Savage er viðurkenndur sem ræðu og mælsku maður um öll Bandaríkin. Hann hefir þýða og viðfeldna rödd og mjög látlausa. Enda er það orðalag hans og meðferð þeirra mála, er hann ræðir, sem dregið hefir þúsundir manna saman til að hlusta á hann, en ekki tilgerðarmálrómur og skrípalæti.

Nú í samfleytt 25 ár hefir hvert orð verið flutt í dagblöðin, er hann hefir sagt í stól eða á palli, og enginn maður hefir mætt jafnmikilli mótstöðu og hann. Enda hefir hann þótt allt of frjálssyndur, því hann hefir haft það til síðs, að segja skýlaust sannleikann, eins og honum hefir komið hann fyrir sjónir.

Dr. Savage er meðalmaður vexti, lotinn í herðum, grannleitur og skarpleitur, bláeygur og ljóshærður, en nú nokkuð tekinn að hærast. Hann er þegar löngu búinn að ná viðurkenningu sem fræðimaður og guðfræðingur. Meðal annara menntastofnana, er hafa sýnt honum virðingarkerki, veitti Harvard há-

skólinn honum doktors nafnbót í guðfræði vorið 1896. Dr. Savage er í stjórnarráði Unitarafélagsins Ameríska, og hefir hann jafnan látið sér annþ um allan hag þess félags og heill, og enda gjört sitt til, að það næði vexti og viðgangi.

ÁRAMÓT.

Dá eru ný áramót komin. Árið 1904 liðið á braut og komið í tölu þeirra, er mannfólkið telur sér að baki. Annað nýtt er komið í þess stað. Þetta umliðna ár hefir verið viðburðaríkt, og að öllum líkindum þýðingarríkasta árið, sem af er öldinni. Hvað þetta nýja kann að verða vitum vér ekki. Að ýmsu leyti heilsar það oss svipað en þó nokkru hlýrra en hið umliðna, enda óskum vér, að það verði ekki annað eins kuldaár. Vér óskum, að það verði ekki eins vetrarlangt né vorskammt, og umfram allt ekki annað eins brottfarar ár.

Nú við áramótin berast oss enn á ný þær fréttir, að tveir af hinum allra fremstu sonum þjóðar vorrar hafi safnast á brott. Arnljótur Ólafsson prestur að Sauðanesi andaðist þann 29. okt., og Páll amtmaður Briem rétt um jólaleytið. Að þeim meðtöldum verður tala merkismana þeirra, er vér höfum orðið á bak að sjá þetta ár, nokkuð há. Það eru þeir Þorvaldur Þorvaldsson hérna megin hafsins, Jón rektor Þorkelsson, Jónas organisti Helgason, Níels prófessor Finsen, Arnljótur prestur Ólafsson og Páll amtmaður Briem austan megin. Í sinni röð voru allir þessir menn einstakir, hver í sínu lagi. Í vorum hópi vestra áttum vér engan námsmann né efnismann, er jafnaðist í nokkru á við Þorvald. Um allan menntaða hluta heimsins var nafn ljósgeisla læknisins góða á hvers manns vörum, og hvar sem norræn fornfræði eða germönsk er lesin, er nafn Jóns rektors nefnt. Sem þess mesta hagfræðings, er landið hefir alið, hlýtur Arnljóts ávallt að verða getið, og það að góðu einu, enda væri ervitt að geta svo sjálfstjórnarbaráttu Íslendinga á öldinni sem leið, að hans væri ekki minnst. Enginn hefir átt betri þátt í því, að vekja og beina huga þjóðar vorrar í söngfræðislega átt en Jónas,

né er nokkur nú í seinni tíð, er látið hefir sér jafn ann t á óhlutdræga vísu um menningu lands og þjóðar og Páll Briem.

Alla þessa menn hefir árið 1904 tekið frá oss. Upp í þessi stóru auðu skörð eiga komandi ár að hlaða.— En geta þau það, eða munu þau gjöra það? Ervitt mun verða að svara þeirri spurningu með nokkurri vissu, enda eru til þess fá gögn fyrir hendi. Þeir eru ekki margir vorir yngri menn, er líklegir virðast til að skipa sæti þessara, er nú eru brott farnir. Enda er sjálfsagt ekki til þess ætlast. Framleiðslukraftar þjóðanna eru takmarkaðir í þá átt sem aðrar, og það fara sjaldnast aldir saman, þar sem hvert stórmennið tekur við af öðru hjá sömu þjóð.

Enda breytast þarfir og kringumstæður. „Þegar smiðurinn byggir, fá öikumennirnir nóg að starfa“, segir þýzkur málsháttur, og svo er enn hér. Vorum miklu mönnum, er komið hafa af stað ótal umbótum á hugsunarhættinum og stefnu þjóðarinnar, er fylgt fast á hæla af flokki manna, er einnig þykjast vera í „tölu spámannanna“, en í sannleika eru að eins trúðar. Þeir eru skrifllinn, sem æpir að unnum sigrinum. Þessir menn hafa borist á flóðöldum hinna nýju menningarstrauma, er afreksmennin hafa komið til vegar, og þeim finnst þeir vera með í leiknum.

Eftir hverju virkilegu framfaratímabili hlýtur þessi hávaðaöld að fylgja, og meðan hún varir, eru allar aðrar raddir kæfðar í háreystinni. Þegar henni slotar, roðar aftur fyrir nýrri öld.— Hvort það er fyrir þessar orsakir, að þráðurinn er slitinn, og að sagan setur þar sín kapítulaskifti, er enn óráðin gáta, en ekkert er það ólíklegt.

Vér getum naumast búist við, að eignast annan Jónas Hallgrímsson, meðan þjóð og einstaklingar nefna hvern skimpitrúð Jónas, er að eins bullar nógu mikið. Né heldur kemur Jón Sigurðsson til vor aftur, meðan þjóðin þekkir ekki þá hugsjón, en svívirðir nafn hans með því, að setja það við allskonar pólitíska blekbletti,— allskyns jóna og jensa, bjarna og birni, landvörn og lýðvörn og „ljósfælnar vofur“. Mælskan er ekki í því fólgin, að tala fullan orðabelg.

UM
HJÁTRÚ OG FJÖLKYNGI
UPPRUNA ÞESS OG ÚTBREIÐSLU

EFTIR

STEFÁN SIGFÚSSON.

ÞÁ SKOÐUN má telja ríkjandi, að eftir því sem lengra er farið aftur í tímann, að sama skapi finnist meira af hjátrú og fjölkyngi, töfrum og galdri hjá mannkyninu. En það er með þessa skoðun líkt og fleiri skoðanir hjá alþýðu manna, að hún mun vera veil og holdlítil. Mönnum hættir við að slá þessu og hinu fram um fyrri alda menn, sér í lagi þá, er á undan reglulegum sögutíma hafa lifað.

Það er þegar sannað, að hjátrú og fjölkyngi vex ekki að sama skapi og vér leitum lengra aftur í tímann. Það hvort um sig er ná-samtengt trúarbrögðum og vísindum einhverjum,—verður raunar eigi til fyr, en þetta er fyrir. Að vísu eru trúarbrögð mjög gömul í heimi þessum, en þó varla jafngömul mannkyninu, því hin blábera náttúrudýrkun allra frummanna getur naumast trúarbrögð talist, enda leyfði engri hjátrú eða fjölkyngi að, nema náttúrudýrkunin sjálf ætti að nefnast svo. Á allra elztu tímum mannkynsins hefir hjátrú og fjölkyngi verið minnst, og hvað sjálfan sögutíma manna snertir, þá er svipað ástatt með þetta.

Hinir fornu Kaldear og Egyptar voru að vísu fullir hjátrúar og hindurvitna. En hvað var þeirra hjátrú þó á móti þeirri, er gaus upp á miðjum miðöldunum. Aldrei mun hjátrú og fjölkyngi í heiminum hafa orðið jafn grett og gráðug sem þá, en þá var líka tiltölulega há menntun búin að standa svo öldum skifti, vísindi þróuð, og trúarbrögð í sínu öflugasta gengi.

Hið fyrsta, er fyrirliður hér, er að gjöra sér ummerkingu þess, er vér í einu orði nefnum hjátrú og fjölkyngi, og mun mega nefna það gönur þær og glapferil, sem mannsandinn lendir út í á umráðasviði vísindanna og trúarbragðanna. Hver sá, sem ætlar að skrá framfarasögu trúarbragða og vísinda, hlýtur að

taka með hÉrvillur, hjátrú og allt það, sem nefnt er fjölkyngi. Það má svo sem einu gilda, hvað helzt það er, maðurinn kemst eigi til viðurkenningar og þekkingar sannleikans nema gegnum flækjur og villur. Það eru villur, sem allt af eru leiðréttar, — flækjur, sem sífellt eru greiddar, — kenningar, sem þrásinnis eru endurbættar, er mennirnir um það tímaskeið nefna sannleika. — En hér þarf kannske nákvæmari skýringu yfir það, hvað hjátrú og fjölkyngi er, með því að ofangreind skýring er of óákveðin og yfirgrípsmikil.

Tökum þá fyrst hjátrú, og munu allir vera á því, að hún sé villa eða skoðanir, er enga heimild eiga sér í trúarbrögðum eða vísindum. En svo kemur sá vandi, að kveða á um það, hverjar trúarlegar og vísindalegar skoðanir sé hjátrú eða hindurvitni. — Sé við trúarbrögð átt, þá kemur til athugunar, að trúarbrögðin eru mörg. Það, sem einum virðist því bæði hjátrúarlegt og heimskulegt, getur verið öðrum góð og gild trúarsetning. Þetta liggur í því, að trúarbrögð taka einlægum framförum og breytast að sama skapi. Því, sem kyrkjan á vissum tíma slær föstu sem óbreytanlegri trúarsetningu, getur hæglega öld eða öldum síðar skoðast sem fávísleg hindurvitni, og kyrkjan þá neydd til að útiloka það og fyrirdæma. Afskiftasvið trúarbragðanna verður því næsta reikult eftir því, frá hvaða sjónarmiði það er tekið.

Þessu til skýringar mætti tilfæra dæmi: Flestir menntaðir menn á Norðurlöndum munu á einu máli vera um það, að kalla trú á vætti, illa ára, afturgöngur, vofur og drauga einu nafni hjátrú og hindurvitni. Trú þeirra heimtar ekki tilvist slíkra vera, en öðru máli er að gegna með kaþólska, er enn hafa um hönd særingar, og það ekki eingöngu fávísir munkar, heldur og æðri klerkar kyrkjunnar. Eftir því að dæma heldur kaþólskan því fram, að mögulegleiki sé fyrir því, að allir árar geti farið í manninn. Það sem vér því köllum örgustu hjátrú, er að skilningi kaþólskra gild trúarsetning.

Álska má finna, að eigi sé stað á sjálfu umráðasviði vísindanna. Hér er það fyrir fram undir skoðuninni komið, hvort þessi eða hin fræðisetningin skuli nefnd hjátrúarleg eða ekki. Þannig getur maður eigi þverttekið fyrir það, að ekki megi gjöra gull, það sem miðaldaspekingarnir trúðu fastlega á. Það er nú

á síðustu tímum almenn hyggja lærðra manna, að öll frumefni, er svo nefnast, eða að minnsta kosti allir málmarnir sé af einu og sama frumefnis gerfi. Eftir því væri engin fjarstæða að állta, að eitt þeirra gæti breyzt í annað, þó breyting þeirra verði ekki komið á með þeim tækjum, sem vér til þessa höfum umráð yfir. Kæmi nú mikilsháttar efnafræðingur fram og gæfi í skyn, að sér hefði tekist að breyta málmunum hverjum í annan, tækjum vér því með efun, en oss kæmi ekki til hugar, að kalla hann hjátrúarfullann, því ekki er fyrir það að synja, að eitt sinn uppgötvist kraftur sá, er breytingunni má valda. En komi annar og segi, að sér hafi heppnast að „gera gull“ með „vizekusteininum“*, þá kölluðu allir slíkan mann hjátrúarfullan hérvitring og það með réttu, því tilvist vizekusteinsins er alveg gagnstæð allri þekkingu vorri á náttúrulögmálinu.

Alveg hið sama verður ofan á, er um ýms tímabil er að ræða. Hvert þessi skoðun er hjátrúarleg, dæmist eftir hinum andlega þroska manna á því tímabili. Á miðöldunum var ekki hægt að nefna trúna á „vizekusteinin“ hjátrú, því þá var náttúruþekking manna svo örllítill. Þeir þekktu ekki grundvallarlögmál efnafræði vorra tíma, að efnismegið í heiminum sé óbreyt-
anlegt, og að ekkert nýtt efni, er eigi var áður til, verði framleitt. Þeir ætluðu þvert á móti, að þeir hefði oftsinnis séð efni hverfa (t. d. þegar efni brennur). Það var því eins og til stóð, að með „vizekusteininum“ væri hægt að breyta einu pundi eiris eða blýs í mörg pund gulls. Frá þeirra sjónarmiði er ekki þetta hjátrú, en frá voru er það ekkert annað, og staðfestir það enn á ný, hversu umráðasvið hjátrúarinnar er vítt og reikult.

Að lokum dróg að því, að trúnaðurinn á vizekusteinin veiklaðist,— tilraunirnar voru orðnar svo ótal margar, og allar mistekist. Fræðimennirnir gömlu þóttust nú sjá að hann striddi mót röð og eðli náttúrunnar —ásamt með ódainsvökvanum, er þeir einnig leituðu að. Og hvarf svo öll kenningin um „vizeku-

*). „Vizekusteinninn“ ætluðu hinir gömlu fræðimenn að fengi eigi að eins breytt málmunum efnislega, heldur einnig aukið þyngd þeirra, og með honum væri hægt að lækna alla sjúkdóma og framlengja líf manna óendanlega.

stein“ og „ódáinsvökva“ burt af afskiftasviði vísindanna inn á hjátrúarinnar breiðaból.

Önnur vísindagrein fornaldarinnar var stjörnuspekin—astrologian. Það var sú skoðun, að rás og innbyrðis afstaða stjarnanna væri undirrót allra breytinga og fyrirbrigða á jörðunni.*—Speki þessi er ævagömul og má fylgja henni aftur í tímann til Kaldeumanna eða Akkadanna 4—5000 f. Kr.

Menn höfðu komist eftir því, að rás stjarnanna var tíma- bundin, og með því að gefa því nákvæmar gætur, er fram færi á jörðunni, þegar plánetur og stjörnur væri í vissri afstöðu hver við aðra, þá átti að vera hægt að segja fyrir, hvað skeði í næsta skifti við næstu samstirning, er það var venjulega nefnt. Út frá þessari hugmynd leiddu Kaldear Astrologíuna, er varð umfangsmikil vísindagrein, sem töfraspékingar miðaldanna uku svo og fullkomnuðu löngu síðar á alla vegu.

En tímarnir breyttust, og er stjörnuspekingarnir Galileo og Kepler komu til sögunnar og færðu heiminum lögmálstöflurnar um hreyfingu reikistjarnanna, þá er einnig stjörnuspekin hin æruverða og ævagamla lostin banasári. Hér er því nýtt dæmi og næsta viðbrigðilegt fyrir því, að það, sem öldum saman hafa vísindi verið talin, verður síðar meir felld úr tigninni og dæmt hreinasta hjátrú.

Eftir því sem trúarbrögðin hafa á rás tímannar þroskast í heiminum, þá bera viðlíka fyrirbrigði fyrir og þessi, er vér síðar sýnum glöggvar. Vér viljum að eins taka hér eitt einstakt dæmi þessa. Kyrkjuféðurnir svo nefndu, á 1. öld kristinnar, lögðu trúnað á illa ára (illvætti), og þessi trú varð einn meginliður í kenningu kyrkjunnar. En svo halda þeir því fram á hinn bóginn, að illir árar gæti ekkert mein unnið sannkristnum mönnum, svo ekkert væri að óttast fyrir þá frá hlið illvættanna.

En svo hér um bil einni öld síðar er veruleg breyting kom-

*) Upptökin að skoðun þessari hafa fræðimenn álitid vera þá, að upphaflega trúðu menn því, að stjörnur og tungl væri andar eða verur máttugar og mikils ráðandi. Benda ýms grízkru og rómversku goðanöfnin á það. Í biblíunni er og getið um „himnanna herskara“ í þeirri merkingu, að átt er við tungl og stjörnur sem lifandi verur.— Ritstj.

in á þessa skoðun; annaðhvort hafði kyrkjan glatað töluverðu af heilbrigðri skynsemi, eða þá að guðhræðslunni hafði stórum farid aftur. Eitt er víst, að veruleg breyting er orðin á sambandi kristinna manna og hinna illu ára nú. Því nú er sú aðrífamikla kenning risin upp, að hverjum, sem vildi, væri innan handar að „ofurselja sig illum árum“ eða „gefa sig djöflinum á vald“, og öðlast sá hinn sami við það vald til að fremja ýms skemmdarþör sjálfum sér í hag en náunganum til tjóns og foráttu. Kenningu þessari hélt kyrkjan um hríð svo stranglega fram, að drægi einhver efa á þetta, þá olli það þeim grun á honum, að hann væri sjálfur í mökum við djöfulian, og var hann því samkvæmt lögum kyrkjunnar horfinu til pindinga og báls.

Trú þessi var í almætti sínu frá því á miðöldunum fram á daga Lúthers, og var hann ásamt öðrum snortinn af henni, og fyrir því lenti hún með nokkrum breytingum inn í kyrkju Protestanta. Út af þessari kenningu risu svo hin voðalegu galdramál og brennur miðaldanna. Siðabótin réði á þeim sáralitlar bætur, og stóðu þær yfir hálfu aðra öld eftir hana um Norðurálfuna, unz að lokum hin reglulegu náttúruvísindi fara að fæðast, en þau vinna bug á allri þessari óhæfu. En er svo er komið, þá hverfur líka kreddan um djöflaganginn og djöfulæðið út úr kyrkjinni kristnu. En eitt er staðreynd, er aldrei verður útskafin, að öll þessi myrkrafræði, sem fyrir vorum sjónum stendur sem hin viðbjóðslegasta hjátrú, var fyrir eina tíð einn meginþáttur í trúarbrögðunum.

Dæmi þessi nægja til þess að sýna að engin skoðun, hversu óeðlileg eða meiningarlaus hún kann að virðast, getur fyrir þá sök heitið hjátrú. Hún er oss hjátrú sökum þess, að hún kemur í bága við trúarbragðalegan og vísindalegan skilning vorn. En svo er hins að gæta, að tæplega er ein einasta skoðun til, er vér munum kalla hjátrúarlega, að sú hin sama hafi eigi eitt sinn verið einn liður eða þáttur í trúarbragðalegu eða vísindalegu samstaði. Enski spekingurinn Buckle segir, sérhver ríkjandi trú hefir einhvern tíma verið villukenning. Til þessarar viðmiðunar hljótum vér og reynum eunþá nánar að ummerkja hjátrúna, og segjum: Hjátrúarfull er sérhver almenn skoðun, er engan stað eða heimild hefir í ákveðnum trúarbrögðum, eða kemur í bága

og er öflug við þá vísindalegu skoðun og skilning á náttúrunni, er ræður á ákveðnum tíma. En ljósar verður þetta orðað á þessa leið: Sú trúskoðun, er hjá siðlausum villimönnum bendir jafnvel á endurbætt, æðra, fullkonnara trúarbragðalegt stig, verður að dæmast sem hlæileg eða aukunarkerfi hjátrú, er hún kemur í ljós hjá menntuðum manni vorra daga.

Það, sem trúarbrögð eru hjá villimanni, er í sjálfu sér hjátrú hjá hverjum upplýstum manni, en það heimilar ekki hitt, er mörgum verður á, að telja allt tóma hjátrú hjá villimanninum. Svo framarlega sem maður hefir í hyggju, að lýsa trúarbragðalegri þróun og framsókn mannkynsins, þá verður að taka trúarbragðakerfin og fjöld trúarbragðanna eins og þau eru sem eiginleg trúarbrögð en ekki í heild sinni sem eintóma hjátrú. Hún er aftur á móti sem einn liður og þáttur í og með þeim, hver helzt þau eru. Þetta er eftir því, eins og áður er sagt, á hvaða sjónarhæð maður stendur.

Hjátrúin er mjög svo merkilegt fyrirbrigði, sífellt breytandi um takmörk sín þannig, að jafnvel æðri og fullkonnari trúarbrögð meðal menntaðra þjóða geta nefnst hjátrú og villa, þegar hið vísindalega og trúarbragðalega sjónarmið þeirra hefst.

Paschal segir: „Öll röð mannanna á rás tímans má skoðast sem einn einasti maður, er sífellt lifir og stöðugt lærir.“—Skoðanir á flestum hlutum breytast stöðugt, hægt og hægt, og hefjast. Fylgi trúin eigi með, þá verða innan umráðasviðs hennar ýms nátttröll, er uppi daga, þegar ljúsa tekur af dagsbjarma hinnar æðri þekkingar, og fáum vér þá eigi annað gjört en stimpla þau sem villur—sem slíkar villur, er til samans teknar mynda þann andlega líkama, sem hjátrú heitir að réttu lagi.

Í mannkynssögunni felst innofin saga,—saga hinna mannglegu villna og gönuskeiða, og því er nú svo varið, að eftir því sem mannkynssagan víkkar og vex, vex stöðugt þetta fósturbarn hennar, og gagn eftirtektarvert er það, að einmitt nú á síðustu tímum virðist villubarnið taka gífurlegum framförum. Í þess botnlausu hit er einni skoðun af annari fleygt, og eigi sér fyrir endann. Sjónarhæðin á síðustu tíð hefir hækkað stórkostlega, hinn andlegi skilningur vaxið risafetum. Út frá honum verður gengið, allt nær undir dómsorð hans, og allt, sem hann fyrir-

dæmir, nefnist einu orði hjátrú og hindurvitni. Þetta er óumflýjanlegt, og ætti kyrkja vor að gefa því betri gaum, en hún hefir gjört hingað til.

Til þessa höfum vér eingöngu haldið oss við útskýringu hjátrúarinnar, en ekki nefnt á nafn töfra og fjölkyngi, enda leiðir hið síðara af hinu fyrra. Hjátrú er fræðikenningin, fjölkyngin og töfrarnir hið verklega, er beinlínis út af henni leiðist, á svipaðan hátt eins og t. d. hin útvortis guðsþjónusta sprettur af hinni innri, af ákveðnum hugmyndum um guðdóminn.

Trúi menn því eitt sinn, að til sé vættir eða andar, kröftum gæddir, að menn geti keypt þá eða neytt þá til að lúta sér og láta í té það, er eigi fæst með öðru móti, þá vilja menn, er svo ber undir, með öllu móti útvega sér þessi hlunnindi, en slíkt verður að eins með því, er vér nefnum töfra og fjölkyngi.

Sama er, ef menn trúá, að andar þessir sé illir í sér, þá vilja menn með ráðum og meðölum hindra þá frá að vinna sér tjón, og útheimtis þá einnig til þessa töfrar og fjölkyngi. Trúi menn því, að allt, sem viðberi í heiminum, sé ákveðið af gangi stjarnanna, þá er eigi svo lítið í það varið, að þekkja það, lesa út og kveða á um forlög manna t. d. af samstirning þeirri, sem á sér stað, er maðurinn fæðist, en það eru líka töfralistir og fjölkyngi.

Í stuttu máli: sérhver athöfn, sem rót sína á að rekja til og sprettur af hjátrúnni, er fjölkyngi, töfrar eða galdur. Og má því bæta við, að sérhver athöfn, er skýrð verður eða leidd úr frá hjátrúarhugmyndum, verður að skoðast og skiljast sem töfrar eða fjölkyngi.

Hið fyrra þarfnast ekki skýringar við og ætti þetta hið síðara að vera einnig ljóst. Hugsum oss villimann, fanginn í allri væntanlegri hjátrú þjóðar sinnar, vera viðstaddan einhverjar eðlis eða efnafræðislegar rannsóknir vorra tíma. Enginn vafi er á því, að hann myndi skoða þann, sem tilraunina gjörði, háskalegan töframann. Frá hans sjónarmiði hlyti sá, er þvílíku til leiðar kæmi, að hafa yfir völdugum öndum að bjóða. Með öðrum orðum, hann skoðaði þar alveg náttúrlega fyrirburði sem töfrabrögð eða galdur.

En vér þurfum eigi að búa slíka sögu til; mannkynssagan sjálf úir og grúir af slíkum dæmum. Tökum meðal annars eitt úr miðöldunum, þegar Norðurálfubúar reka sig fyrst á Mára, er þá stóðu á ólíkt hærra menntunarstigi en þeir, einkum hvað náttúruvísindi snerti. Þeir álitu þá fulla fjölkyngis og fjanda-kraftar. En síðar ganga þeir í skóla hjá þeim. Miðaldaspek-ingarnir eru að mestu leyti menn, er numið höfðu í háskólum Mára á Spáni, þar sem aðalból vísindanna þá um langt skeið var, en er svo þessir menn aftur hverfa heim í sína áttaha, þá er það, sem þeir flytja með sér, í augum þorra manna þar töfrar einir og fjölkyngi.

Lærðu mennirnir sjálfir nefndu og einatt vísindi sín hina „náttúrlegu fjölkyngi“, og voru þau í raun og veru ekkert annað en það sem nú á dögum nefnist náttúruvísí, því að þau voru byggð á þeirri þekkingu á lögum náttúrunnar, er þá var til, en sem þá var líka mjög í molum og næsta ófullkomin.

Sjálfir töfraspekingar miðaldanna skrifa um fræði sína á þessa leið: „Vér höfum vissa þekkingu á leyndardómum náttúrunnar, fyrir hverja vér erum færir um að framleiða vissar verkanir ýmsra hluta, er þeim, sem orsökunum eru alls ókunnugir, virðast yfirnáttúrlegar eða beint kraftaverk.“ Hér er þá hreint og beint sagt, að það, sem er eðlilegt fyrir kunnáttumanninum, er hinum fáfróða töfrar og fjölkyngi.

Dæmi upp á þetta úr sögu vor Íslendinga eru frásagnirnar um Sæmund hinn fróða Sigfússon, er lærði suður á Frakklandi, að sögn í París, allt er þá varð numið í náttúruvísindum. Þegar hann kom heim aftur, þótti hann fjölkunnugur, svo að sögurnar um brögð hans við Kölska o. s. frv. hafa geymst óafmáanlegar á síðan í hugum manna allt fram að þessum tíma.

Mörg eru þess sorgleg dæmi, að hin allra einföldustu og eðlilegustu atvik í mannlegu lífi voru á sínum tíma skoðuð sem fjölkyngi og mök við djöfulinn og hans illu ára. Gamalli konu verður það á, að hún fer ekki venjulega leið, heldur skemmstu leið yfir völl og haga, — í sannleika hversdagslegur viðburður; — en sú var tíðin, ekki lengra síðan en fyrir tæpum 3 öldum, að þessu atviki gat fylgt hreinn lífsháski. Bæri svo undir, að skepnur, hestar eða naut, sýktust, er þar voru á beit, þá var það

kennt gömlu konunni, að hún hefði litið gripinn „illu auga“, töfrað hann eða galdræð. Afleiðingin af þessu varð svo, að hún var skoðuð fordæða eða galdranorn. Það er auðvelt að sanna, að margar þær konur, er brenndar voru á galdrabrennutímabilinu, höfðu eigi meira til saka unnið en þetta. Það var um visst skeið nálega það sama, hvað maður gjörði eða aðhafðist, það mátti leggja það allt út sem fjölkyngi og galdur, og leiða menn saklausa þúsundum saman á bálið.

Vér getum þá slegið því föstu, að sérhvert athæfi, er sprettur af hjátrú, eða þýtt verður út úr hjátrúarhugmyndum, er blátt áfram töfrar eða fjölkyngi. Það er ekki rétt, að kalla það eitt fjölkyngi, er fyrir tilstyrk illra anda er til leiðar komið. Hvorki gullgjörðarlistin, stjörnuspekin, fréttaleitunin eða þá spár af flugi fugla eða kvaki, eldingum, ásigkomulagi innýfla dýra m. m. þarfnæðist nokkurrar aðstoðar illra anda eða djöfla, og þó verður að heimfæra þetta allt saman undir fjölkyngi.

Flestar Norðurálfubjóðir til forna hafa fengist við fjölkyngi, án þess þó þær hugsuðu sér illa ára í og með verkandi. Fjölkyngi og töfralist skilyrðir alls ekki trúna á illa ára; það nægir, að þessir hlutir sé sprottnir og getnir af hjátrúarhugmynd, hverri helzt sem vera skal.

Með þannig lagaðri ummerkingu fjölkyngis og töfra verður að mun auðveldara að gjöra greinarmun þeirra hluta og þess, er almennt nefnist **k r a f t a v e r k**.

Sökum sambands þess, sem er á milli hjátrúar og fjölkyngis, leiðir beinleiðis, að atburður sá, er frá einu sjónarmiði skoðast kraftaverk, verður frá öðru sjónarmiði fjölkyngi og töfrar. Eitt hið ljósasta dæmi þessa er frásagan um kraftaverk Móse og töfra Faraós spekinganna. Í 2. Mos. 7. kap. 11-12. v. stendur: „Þá komu þeir Móses og Aron fram fyrir Faraó, eins og drottinn hafði boðið þeim. Og Aron fleygði staf sínum framan fyrir Faraó og vitringum hans, og stafurinn varð að höggormi. Þá kvaddi Faraó spekinga sína og töframenn til, og þessir forn-
eskjumenn Egypta gjörðu slíkt hið sama með stöfum sínum; og þeir köstuðu hver sínum staf, og þeir urðu að höggormum.“— Síðar strekast þetta sama, er Móses breytir vötnunum í blóð og kallar froska fram úr jörðunni, þá gjöra hinir allt hið sama.

En svo kemur þá það, sem hér er aðalatriðið. Gyðingar skoðuðu öll þessi verk Mósesar sem kraftaverk, gjörð með guðs aðstoð, en egyptzku prestana kalla þeir töframenn og kuklara, er þó vinna alveg sömu verk og Móses—en með aðstoð „falsguða“. Hér er alls enginn verkamunur, að eins skilnings og skoðana munur eða réttara trúarmunur. Og frá því sjónarmiði er á milli dæmt töfra og kraftaverka.

Hér er þá all ljóslega sýnt, hvað hjátrú og fjölkyngi er, og takmörkin dregin fyrir því, er síðar verður hér um fjallað.— En í því, sem á eftir fer, verður einkum fengist við þroskun og útbreiðslu hjátrúarinnar í Norðurálfunni. Er til uppruna og upptaka hjátrúarinnar kemur, verður að leita út fyrir Norðurálfuna og það til fleiri en eins staðar. Þótt hjátrú hafi víða kviknað og þaðan breiðst út, þá finnast samt aðallega tvær stórar upprunamiðjur, og frá þeim gengur hún í margar áttir, bæði suður, en þó aðallega vestur á bóginn.

Af öllum þeim ægilegu flóðöldum hjátrúarinnar, er á rás tímanna flætt hafa yfir Evrópu er það mest allt aðflutt frá Austurlandabjóðum og svo Forn-Egyptum. Aðalflutningur hefir átt sér stað á ýmsum tímum með ólíkum brautum. Tvær eru megin uppruna stöðvarnar, hvaðan svo aðal brautirnar liggja. Hin eldri og upprunalegasta er frá Kaldeum fornu, þar sem sagan sýnir, að vagga hjátrúarinnar hefir staðið. Áhrifa hinnar hrikalegu hjátrúar Kaldea varð Norðurálfan fyrst vör, þá Alexander mikli fór herferð sína í Austurveg. Með mönnum hans — því sjálfur bar hann beinin þar eystra—fluttist Kaldeuspekin vestur.

Hin önnur megin uppspretta er blandaðri og leiðirnar eða straumarnir frá henni óreglulegri, er þeir eru jöfnum höndum frá Gyðingum, Egyptum og Aröbum, en aðal flytjendurnir eru Mórarnir, er snemma á miðöldunum brutust inn í Norðurálfuna, og breiddu þar út nýja þekkingu, en einnig nýja hjátrú og hindurvitni.

Framhald næst.



Haustið.*

Dimm voru skýin og drungaleg.
 Það dreif saman fönnina þétt, —
 fönnin skófst þunglega og þétt.
 Sólin var horfin af sumarveg.
 Svalkalt kom haustið og grett;
 þess brýr voru myrkar sem miðnættið,
 það muldraði þungbúið ljóð.
 Eins kaldlega' og fossinn slær kletta rið,
 mér kvað það sinn nístandi óð.

„Sumar! þú kærasta systir mín,
 því sefurðu? Komín eg er, —
 kærasta systir, sjá! komín eg er.
 Því svafstu, er vildi eg vitja þín?
 Viltu' ekki þess unna mér,
 að líta þinn blóma? Þú byrgir hann
 í blundi. — Æ, því ertu köld?
 Mig hrollkuldi grípur, er heyri eg þann
 hrynjanda' af laufblaða fjöld.

Nákulda blænum eg anda mér að,
 er ymur um barlausa grein, —
 er beygir nú barlausa grein; —
 áður í laufi hann lék sér og kvað,
 í loftinu bergmál hans hvein;
 nú er hann kaldur sem komandi ís,
 það klakar í æðum mitt blóð,
 og orðið á vörunum eyðist og frýs,
 þá inni' eg mitt saknaðar ljóð.

Man eg það síðast, er sá eg þig! —
 Ef sæi eg aftur þá stund,
 ef aftur sú upp rynni stund,

*) Haustið og sumarið eru tvö goðborin systkin, sköpuð til að fremja glæp af óstjórnlegri ást hvors til annars. Í hvert sinn er Snær konungur (veturinn) breiðir sitt hvíta skegg yfir blómkinna systur sinnar (sumarsins), fölnar hún og deyr.

Sbr. munnmælasögur Asteka þjóðar.

mundir þú blómsveigum binda minn stig,
svo bæri eg glaðari lund.—
Þá varstu blómleg og blíðan—hún skein
úr bláu augunum þín;
nú eru skinin og nakin þín bein,
en náhljóð í eyrum mér hvín.

Kyssti' eg þig systir, sá koss var ei fals,
því kærri mér öllu þú ert,
mér kærri' en hið kærasta ert.
Þótt fari' eg á stundum með kulda og kals
og kalt sé ið ytra og hert
norðurbangs ljósanna loftstraumum í
og lifandi íshafsins súg,
það innra er heitt, eins og ást sú er frí,
og aldrei þver,—það ein veizt þú.

Þröngsýnu guðir, er sköpum fá skift,
þið skynjið ei hjartnanna mál—
þið heyrið ei hjartnanna mál.
Trúið þið, glaðlyndur gæti eg lyft
til goðaranns smjaðrandi sál,
nær buðuð þér: Blíða sé bölvun þín þung
og bros þitt sé helstingur sár;
sú kærsta, sem áttu, af koss þínum ung
kólmi, unz hnígur hún nár?“—

Dimm voru skýin og deungaleg,
það dreif saman skaflana þétt,—
fönnin skófst þunglega' og þétt.
Sólin var horfin af sumarveg.
Svalkalt kom haustið og grett;
þess brýr voru myrkar sem miðnættið,
er mælti það sorgblandinn óð.
En tár hnigu' af augnum við og við,
er vurðu að eljum á slóð. —

Máni.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sír num 4 ári og
kostar \$ 1 áru. — Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, 553 Sargent Ave.
Útanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.
Ritstjóri sra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gíslí Jónsson, 653 Young st. Winnipeg Man.